

Fimmtudaginn 21. mars 1996.

Nr. 134/1995.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis

(Ingibjörg Rafnar hrl.)

gegn

protabúi Rögnvalds Pálmasonar og

Pálma S. Rögnvaldssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Víxilmál. Greiðslustaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1995. Hann krefst þess, að stefndu verði sameiginlega gert að greiða sér 345.148,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. janúar 1994 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa áfrýjanda er reist á víxli, að fjárhæð 450.000 krónur, út gefnum 24. janúar 1994 af Rögnvaldi Pálmasyri og ábektum af honum og Pálma Rögnvaldssyni, en samþykktum til greiðslu af PR-búðinni hf. 24. janúar 1994. Segir á víxileyðublaðinu, að víxilinn skuli greiða „í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis“. Í héraðsdómi var fallist á það með stefndu, að þessi tilgreining greiðslustaðar á víxlinum væri ófullnægjandi, og hafi því borið að sýna hann til greiðslu á heimili greiðanda. Þar sem það hafi ekki verið gert á gjalddaga víxilsins eða innan þess frests eftir hann, sem um ræðir í l. mgr. 38. gr. víxillaga nr. 93/1933, hafi áfrýjandi glatað rétti á hendur stefndu. Voru þeir því sýknaðir af kröfum hans.

Framangreind tilgreining greiðslustaðar á víxlinum var fullnægjandi samkvæmt 5. tölulið 1. gr. laga nr. 93/1933, sbr. dóm Hæstaréttar 26. janúar 1995 í máli nr. 233/1993. Samkvæmt þessu og þar sem áfrýjandi hefur ekki glatað rétti á hendur stefndu, þótt misbrestur kunnir að hafa orðið á tilkynningu til þeirra um greiðslufall víxilsins, svo sem þeir halda fram, sbr. 6. mgr. 45. gr. laga nr. 93/

1933, verða kröfur áfrýjanda teknar til greina. Verður stefndu gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Málið var dómtekið í héraði 23. febrúar 1995 án málf lutnings. Lögmanni stefndu var þá kunnugt um dóm Hæstaréttar 26. janúar 1995, sem fyrr er getið, enda flutti hann það mál af hendi áfrýjenda. Í því ljósi er málskostnaður ákveðinn að teknu tilliti til c-liðar 1. mgr., sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D ó m s o r ð:

Stefndu, þrotabú Rögvalds Pálmasonar og Pálmi S. Rögnavaldsson, greiði sameiginlega áfrýjanda, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 345.148,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. janúar 1994 til greiðsludags og samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. mars 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 11. og 14. nóvember 1994 af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Hátúni 2 b, Reykjavík, gegn Rögnavaldi Pálmasyni, Urðarholti 4, Mosfellsbæ, og Pálma S. Rögnavaldssyni, Engihjalla 9, Kópavogi. Undir rekstri málsins var bú Rögnavalds Pálmasonar tekið til gjaldþrotaskipta, og með yfirlýsingu Ingimundar Einarssonar hdl., skiptastjóra búsin, var lögmanni Rögnavalds veitt umboð til þess að fara með málið fyrir hönd búsin, en án kostnaðar fyrir búið.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 345.148,50 kr., með dráttarvöxtum [...].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins ásamt virðisaukaskatti.

Málsástæður.

Kröfur sínar reisir stefnandi á víxli, tryggingarvíxli vegna greiðslukorts, að fjárhæð 450.000 kr., út gefnum 24. janúar 1994 og framseldum af Rögnavaldi Pálmasyni, samþykktum af PR-búðinni hf., til greiðslu í Sparisjóði

Reykjavíkur og nágrennis 24. janúar 1994. Ábekingur á vixlinum er stefndi Pálmi.

Stefnandi rekur málið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 og reisir kröfur sínar á vixillögum nr. 93/1933, einkum VII. kafla um fullnustu vegna greiðslufalls.

Sýknukröfur sínar reisa stefndu á því, að umstefndur vixill sé vistaður með svo óljósum hætti, þar sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis sé til húsa á fimm stöðum, þ. e. fjórum í Reykjavík og einum á Seltjarnarnesi, að vixillinn hafi borið að sýna á heimili greiðanda, samþykkjanda, sem hafi þá verið greiðslustaður vixilsins, sbr. „pósítíf“ ákvæði 3. mgr. 2. gr. vixillaga nr. 93/1933. Það hafi ekki verið gert.

Stefndu hafi ekki verið tilkynnt um greiðslufall á gjalddaga.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. vixillaga hafi stefnanda borið að sýna vixillinn til greiðslu á gjalddaga hans eða öðrum hvorum tveggja hinna næstu virku daga þar á eftir á greiðslustað, sem í þessu tilfelli hafi verið heimili greiðanda, samþykkjanda, sbr. áður tilvitnaða 3. mgr. 2. gr. vixillaga.

Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laganna hafi stefnanda borið að tilkynna stefndu, ef greiðslufall yrði, innan þeirra tímamarka, sem í greininni geti, en það hafi ekki verið gert. Hafi það ekki leyst stefnanda undan þessum kvöðum gagnvart stefndu, að vixillinn bar áritunina „án afsagnar“, sbr. 2. mgr. 46. gr. laganna, en í henni hafi falist fyrirvari um fullnustu án kostnaðar. Vixillinn hafi því ekki verið sýndur til greiðslu á greiðslustað lögum samkvæmt, sbr. 91. gr.

Þar sem skilyrðum um sýningu vixilsins hafi ekki verið fullnægt af hálfu stefnanda, hafi hann þegar glatað rétti sínum gagnvart stefndu sem útgefanda og ábekingi á vixlinum fyrir vangeymslu skv. 1. mgr. 53. gr., sbr. 4. gr., 1. mgr. 38. gr. og 2. mgr. 46. gr. laga nr. 93/1933.

Af því, sem að framan sé rakið, beri að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í vixilmáli þessu.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur lagt fram í máli þessu vixil, sem er í lögmatu formi. Samkvæmt vixlinum skyldi hann greiddur í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Eins og fram er komið, er því haldið fram af hálfu stefnda, að þessi tilgreining greiðslustaðar sé svo óljós, að líta verði svo á, að greiðslustaður sé heimili greiðanda vixilsins. Jafnframt er því haldið fram, að skilyrðum um sýningu vixilsins hafi ekki verið fullnægt.

Fyrir liggur, sbr. dskj. nr. 5, að afgreiðslustaðir stefnanda eru bæði í Reykjavík og á Seltjarnarnesi. Með því að ekki er tilgreint, á hvorum staðnum eða í hvoru sveitarfélaginu vixillinn beri að greiða, ber að fallast á það

með stefndu, að tilgreining greiðslustaðar sé ófullnægjandi, og ber því að líta á heimili greiðanda víxilsins sem greiðslustað.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. víxillaga bar stefnanda að sýna hinn umdeilda víxil til greiðslu á greiðslustað, heimili greiðanda, sbr. það, sem áður er rakið, á gjalddaga hans eða öðrum hvorum tveggja hinna næstu virku daga þar á eftir. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laganna bar stefnanda einnig að tilkynna stefndu, ef greiðslufall yrði. Leysti það stefnanda ekki undan þessum kvöðum gagnvart stefndu, að víxillinn bar áritunina „án afsagnar“, sbr. 2. mgr. 46. gr. laganna.

Fram lagður víxill ber ekki með sér að hafa verið sýndur til greiðslu á framangreindum greiðslustað á þeim tíma, sem skylt var miðað við gjalddaga hans, og er því reyndar ekki haldið fram af hálfu stefnanda, að svo hafi verið.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um það, að stefndu hafi verið tilkynnt um greiðslufall á gjalddaga.

Þykir því ekki sýnt fram á, að skilyrðum um sýningu víxilsins hafi verið fullnægt af hálfu stefnanda. Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. víxillaga hafði stefnandi þannig glatað rétti sínum gagnvart stefndu sem útgefanda og ábekingi, þegar málið var höfðað.

Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst 100.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, þrotabú Rögnvalds Pálmasonar og Pálmi S. Rögnvalds-son, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Sparisjóðs Reykjavíkur og nágreennis.

Stefnandi greiði stefndu 100.000 kr. í málskostnað.
